

# *312. fundur Skólanefndar FS*

## *8. febrúar 2012*



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ólöf Bolladóttir, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Gauti Þormar og María Magnúsdóttir, Kristján Ásmundsson aðstoðarskólameistari og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Vorönn 2012.
  2. Áætlun um stækkun skólahúsnæðis.
  3. Önnur mál.

### **1. Vorönn 2012.**

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar 2012 en nemendur eru 1120. Hann kynnti einnig yfirlit yfir fjölda nemenda og áætlun um fjölda á næstu önn en reiknað er með að þeir verði um 1270. Framlög vegna hvers nemanda hafa hækkað minna en hjá flestum öðrum framhaldsskólum. Formanni og skólameistara falið að leita skýringa hjá ráðuneyti þannig að hægt verði að leiðrétta þessa stöðu í næstu fjárlögum.

### **2. Áætlun um stækkun skólahúsnæðis.**

Skólameistari kynnti áætlun frá Verkfræðistofu Suðurnesja um möguleika vegna stækkunar skólahúsnæðisins og kostnað við þá. Ákveðið að kanna afstöðu Brunavarna til viðbygginga og kanna hjá ráðuneyti hvar viðbygging við skólann kæmi í röðinni varðandi byggingar vegna framhaldsskóla. Einnig ákveðið að taka saman áætlun um væntanlega fjölgun nemenda næstu árin.

### **3. Önnur mál.**

- a) Rætt um fundartíma skólanefndar og ákveðið að næsti fundur verði á miðvikudegi en ekki á þriðjudagi eins og verið hefur.
- b) Rætt um áfangakerfið og hvaða áhrif það hefur á samskipti nemenda.
- c) Spurt um inntöku nemenda eftir breytingu á námsmati í grunnskólum sem tekur gildi árið 2013. Ekki er ljóst hvaða áhrif þetta hefur en það verður skoðað.

d) Fulltrúi nemenda spurði um tölvukost skólans og endurnýjun hans, sérstaklega fartölvur. Verið er að endurnýja einn fartölvuvagn og önnur endurnýjun tölvukosts er í sífelldri skoðun.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari